

Faney Dórothe Halldórsdóttir, Sviðsstjóri Mennta- og Lýðheilsusviðs

Kristín Thoroddsen, formaður fræðsluráðs

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Hafnarfirði 26.11.2019

Varðandi málefni Víðistaðaskóla starfsstöðin í Engidal

Nú er liðið ár frá því að staðan varðandi starfsstöðina í Engidal var skoðuð og þykir okkur tilefni til að endurmeta hana út frá þeirri þróun sem hefur þegar orðið og mun halda áfram.

Nemendur í Engidal eru nú í vetur 149 í 1. – 5. bekk og stefnir í að verða næsta haust í 1. – 6. bekk um 180. Í ljósi þess að nemendum og árgöngum er að fjölga í Engidal þykir okkur ástæða til að taka aftur upp umræðuna um að skólinn verði sjálfstæður að nýju frá og með næsta hausti.

Ástæða þess að árgöngum er að fjölga í Engidal er að í Víðistaðaskóla er ekki pláss fyrir alla þessa hópa út frá húsnæðinu en síðan eru fleiri rök fyrir þessari breytingu sem við rekjum síðar í þessu bréfi. Með fleiri árgöngum í Engidal verður flóknara samstarf fleiri kennara á milli starfsstöðva og stjórnunarskipulag verður einnig flóknara varðandi samstarf á milli deildarstjóra upp á miðstig núna. Það er auðséð að skipulag funda og annarra verkefna kallar á meiri viðveru skólastjóra í Engidal en hingað til hefur skólastjóri verið með viðveru á föstudögum og hina fjóra daga vikunnar verið í Víðistaðaskóla við Hrauntungu. Til að skólastjóri nái að sinna starfi sínu vel er full þörf á að hann sé við fimm daga vikunnar á báðum starfsstöðvum.

Í vor var tekin ákvörðun um að þáverandi 4. bekkur yrði áfram í Engidal sem 5. bekkur. Þetta var ákveðið út frá þeim forsendum að ár hvert þegar nemendur koma í Víðistaðaskóla úr Engidal og Barnaskóla Hjallastefnunnar og sameinast í 5. bekk er það mikil breyting fyrir börnin og reynir mikið á þau svo ung að árum. Þessi breyting felur í sér að nemendur í Engidal ganga lengri leið í skólann, blandast í nýja bekki, fá nýjan kennara, stærri og fjölmennari skóli ásamt því að skóladagurinn lengist og námið verður meira krefjandi. Reynsla okkar er að það tekur nánast fyrsta veturinn að vinna úr þessari breytingu til að

nemendur öðlist öryggi og góða líðan í nýjum skóla. Þetta höfum við séð þessi ár sem þetta skipulag hefur verið og í vetur sjáum við nú þegar mikla breytingu til hins betra. Nemendum á báðum starfsstöðvum líður mun betur og starfið í 5. bekk gengur betur. Þegar hugmynd að þessari breytingu var lögð fyrir skólaráð í fyrra kom fram að þetta hafði verið áhyggjuefni hjá mörgum foreldrum í Engidal, þar sem þeim fannst börnin of ung til að fara yfir í stóra skólann eins og hann er oft kallaður. Þegar við síðan skrifuðum foreldrum í 4. bekk í Engidal bréf um þessa breytingu var því tekið mjög vel og margir foreldrar lýstu ánægju með þessa ákvörðun. Nú eru foreldrar farnir að spyrja hvort 5. og 6. bekkur verði ekki áfram í Engidal þar sem þeir eru ánægðir með þessa breytingu. Við viljum ekki svara þessum fyrirspurnum nema hafa ykkur með í ráðum því nú þrengir einnig að í Engidal en er þó pláss.

Við myndum síðan reikna með að nemendur kæmu í 7. bekk yfir í Víðistaðaskóla framvegis.

Við óskum eftir fundi með ykkur sem fyrst þar sem við getum rætt þessi atriði nánar og fleira sem tengist og ekki er í þessu bréfi.

Virðingarfyllst,

Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri

Gyða Kristmannsdóttir, aðstoðarskólastjóri Engidal

Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri Víðistaðaskóla